



# 636. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Teams

föstudaginn 8. maí 2026, kl. 12:30

Pátttakendur: Sandra Sigurðardóttir varaformaður sem stýrði fundi í fjarveru Antons Kára Halldórssonar, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir úr varastjórn, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Helga Jóhanna Harðardóttir og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir. Fjarverandi voru Gauti Árnason og Jóhannes Gissurarson.

Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Formaður býður varafundarmenn velkomna á fundinn.

## 1. Nýr fulltrúi SASS í verkefnastjórn Orkídeu.

Tillaga er um að Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri byggðamála hjá SASS taki sæti í verkefnastjórn Orkídeu fyrir hönd samtakanna.

Stjórn SASS samþykkir tillöguna.

## 2. Tilnefning í skólanefnd Framhaldsskólans í Austur – Skaftafellssýslu frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga

Mennta- og barnamálaráðuneytis óskar eftir tilnefningu tveggja aðalfulltrúa og tveggja varafulltrúa í skólanefndina, skipaða til fjögurra ára - frá júlí 2026 til loka júní 2030.

Stjórn óskar eftir fresti á skilum þar til eftir sveitastjórnarkosningar og mun senda tilnefningar eins fljótt og hægt er að þeim loknum. Frestað til næsta fundar.

## 3. Sorpstöð Suðurlands

framkvæmdastjóri fylgdi eftir framvinduskýrslu verkefnastjóra.

## 4. Fundur framkvæmdastjóra SASS v. ART og v. Farsældar

- Fulltrúar ART verkefnis, verkefnastjóri farsældar og framkvæmdastjóri áttu fund með Ingu Sæland Barna- og menntamálaráðherra um endurnýjun samnings og þróun verkefnis. Áfram verður unnið að málinu en gert er ráð fyrir að gengið verði frá samningum fljótlega eftir sumarfrí.
- Framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna sendu inn sameiginlega umsögn um „tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna til ársins 2030“ sem framkvæmdastjóri SASS ásamt framkvæmdastjóra SSH fylgdu eftir á fundið með Velferðarnefnd alþingis.

c.

## 5. Niðurstöður endurmats Auðnast



Auðnast var fengið til þess að fylgja eftir fyrri áhættugreiningu með endurmati. Niðurstöður sýndu algjöran viðsnúning í öllum helstu þáttum er snúa að stjórnun og umgjörð samtakanna.

Stjórn lýsir mikilli ánægju með þessar niðurstöður og þau tímamót í uppbyggingu samtakanna sem þau marka.

**6. Innra skipulag SASS / nýtt skipurit**

Unnið hefur verið að nýju skipuriti samtakanna með KPMG. Stjórn samþykkir endanlega útfærslu og felur framkvæmdastjóra að hefja innleiðingu þess meðal starfsfólks og samstarfsaðila.

**7. Önnur mál**

Umsögn um Fjármálaáætlun: Stjórn samþykkir drög að umsögn og felur framkvæmdastjóra að senda hana inn fyrir hönd SASS.

**8. Lagt fram til kynningar:**

- a. Fundargerð 997. fundar stjórnar Sambandsins
- b. Fundargerðir 1. og 2. fundar Farsældarráðs Suðurlands
- c. Fundargerðir frá stjórnarfundum Austurbrúar og SSA frá 24. Apríl
- d. Fundargerð og gögn frá Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.13:50

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í Vestmannaeyjum 5. júní 2026